

3. Fundargerð stjórnar Hundaræktarfélags Íslands starfsárið 2020 - 2021

Fimmtudaginn 8. október 2020 var haldinn þriðji fundur stjórnar Hundaræktarfélags Íslands, Fundurinn var haldinn á Teams.

Mætt voru: Herdís Hallmarsdóttir formaður, Auður Sif Sigurgeirsdóttir, Heiðar Sveinsson, Svava Björk Ásgeirsdóttir og Guðbjörg Guðmundsdóttir auk varamanns Guðna B. Guðnasyni, Anna Guðjónsdóttir boðaði forföll.

Á dagskrá fundarins voru 7 mál utan annarra mála.

1. Skipulagsbreytingar hjá Ípróttadeild

Póstur kom frá Ípróttadeild um þau hefðu áhuga á að halda algjörlega utan um skráningar og greiðslur vegna æfingatíma og námskeiða á vegum deildarinnar. Vitnað var í hvernig málum er háttað hjá deildum með standandi og sækjandi veiðihunda í kringum próf og sýningar. Formaður og framkvæmdastjóri félagsins áttu fund með formanni ípróttadeildar og var niðurstaða þess fundar að ípróttadeild myndi setjast niður með framkvæmdastjóra og gera tillögur sem rýmast innan ramma laga félagsins og hlutverks ípróttadeildar. Stjórn var einróma sammála um að gott væri að styrkja starf deildarinnar.

2. Umsókn um afléttingu ræktunarbanns

Sótt var um afléttingu ræktunarbanns á dvergschnauzer sem greindist í tvígang í augnskoðun með arfgenga starblindu.

Í umsögn dýralæknis í augnskoðun kom fram að mætti para hundinn á móti fríum einstaklingi. Í reglum um ættbókarskráningu, grein 10.6 segir hins vegar um dvergschnauzer : Augnvottorð: Vottorð má ekki vera eldra en 18 mánaða við þörun. Greinist hundur með staðfesta arfgenga starblindu (cataract) skal hann skráður í ræktunarbann.

Erindinu var því hafnað

3. Tengiliður Welsch Corgi Pembroke

Beiðni frá Fjár- og hjarðhundadeild um að skipa tengilið fyrir tegundina Welsch Corgi Pembroke, en enginn tengiliður fyrir þá tegund var kjörinn á ársfundi deildarinnar. Í starfsreglum ræktunardeilda segir í grein 2.3 : Í safndeild skulu valdir tengiliðir fyrir hvert hundakyn, þegar fjöldi slíkra hunda eru a.m.k. 5 í safndeildinni. Tengiliðir skulu hafa verið félagsmenn í HRFÍ í a.m.k. tvö ár, vera skráðir eigendur hunds af viðkomandi hundakyni og hafa á því góða þekkingu. Tengiliðir skulu kjörnir á ársfundi safndeildar. Eingöngu félagsmenn, skráðir eigendur hunda af viðkomandi hundakyni taka þátt í kjöri tengiliðar viðkomandi hundakyns. Gefi enginn kost á sér sem tengiliður hundakyns skal stjórn ræktunardeildar skipa tengilið á fyrsta fundi

Þótt ekki hafi tekist að skipa tengilið fyrir Welsch Corgi Pembroke á fyrsta stjórnarfundum þykir stjórn HRFÍ ánægjulegt að kominn sé nýr tengiliður tegundarinnar innan deildarinnar. Er það hlutverk stjórnar deildar að skipa tengilið við þessar aðstæður og er deildinni leiðbeint þar um.

4. Beiðni um pörun milli feldgerða hjá Collie

Stjórn vill ítreka að vanda þurfi til beiðna um undanþágur vegna parana og tilgreina hvaða hunda er beiðið um undanþágu til pörunar, hvert mál er skoðað sérstaklega. Því er ræktandi beiðinn að endursenda beiðni með viðeigandi upplýsingum.

5. Staða á tölvukerfi HRFÍ

Gagnagrunnur félagsins hefur verið færður úr Lukku yfir í nýtt kerfi en unnið er náið með norska fyrirtækinu Origin ásamt Danska Hundaræktarfélaginu. Framundan er talsverð vinna við prófanir en verkið er á áætlun.

6. Fjárhagur HRFÍ

Framkvæmdastjóri fór yfir fjárhag félagsins með stjórn. Það er nokkuð ljóst að fjárhagur félagsins stendur í járnum, aðaltekjulindir félagsins eru sýningarnar og nú þegar höfum við tapað tekjum af tveimur stórum sýningum sem eru sýningarnar í júní og ágúst en þær eru félaginu í raun ódýrastar og hafa borið félaginu mestar tekjur. Á þessum tímapunkti er ófyrirséð hvort unnt verði að halda nóvembersýninguna. Það er því ljóst að félagið þarf að þrengja ólarnar enn frekar þar sem hægt er. Umræður urðu um mögulegar sparnaðarráðstafanir ef faraldurinn yrði áfram. Framkvæmdastjóri telur ljóst að aðgerðir kæmu niður á þjónustustigi skrifstofu. Rætt um hvað hægt er að gera til að afla fjár og ýmsar hugmyndir komu fram sem verða skoðaðar.

7. Staða fasteignamála

Heiðar sem hefur þetta mál á sinni könnu, ásamt öðrum stjórnarmeðlimum, er sífellt að skoða leiðir sem eru í boði, gert er ráð fyrir að hafa samband við sveitarfélög innan höfuðborgar- svæðisins um lausnir. Nokkrar ábendingar hafa borist frá félagsmönnum sem hafa verið / verða skoðaðar. Stjórn er sammála um að það er gott að fá ábendingar frá félagsmönnum um hugsanlegt húsnæði sem hentar starfsemi félagsins.

8. Önnur mál

Auður Sif stakk upp á að við myndum hafa samband við Félag Ábyrgra Hundaeigenda (FÁH) um samstarf hvað varðar hagmunamál hundaeigenda gagnvart yfirvöldum. Málinu var vel tekið og ákveðið að Auður Sif, Guðbjörg og Svava Björk myndu setja sig í samband við FÁH og biðja um fund með þeim til að skoða hvernig samstarf við gætum átt.

Fleira var ekki gert, næsti fundur ákveðinn 12. nóvember

Fundinn ritaði Guðbjörg Guðmundsdóttir